

# Aprílbréf – 2022

Þessa dagana er árshátíðarundirbúningur kominn á fulla ferð og allir nemendur með hugann við leikritið. Í ár verða sýndar stiklur úr Dýrin í Hálsaskógi eftir Thorbjörn Egner.

Það eru ekki margir dagar eftir af skólaárinu og hvetjum við nemendur til að nýta apríl vel til náms þótt skóladagarnir verði í færri kantinum. Það er alltaf erfiðara að halda sig inni við nám þegar vorið er komið á fulla ferð. Við biðjum foreldra/forráðamenn að fylgjast vel með að nemendur séu samt hlýlega klæddir.

**4. apríl** fáum við heimsókn frá List fyrir alla

**5. apríl** Páskabingó á vegum foreldrafélagsins, hefst kl. 13:00. Allir velkomnir. Spjaldið kostar 500kr. Nemendafélagið selur gos og nammi. Kaffi og te á könnunni.

**8. apríl** verður Árshátíðin okkar. Sýningin hefst klukkan 13:30, eftir hefðbundinn skóladag.

**9.-18. apríl** er páskafrí

**21. apríl** er sumardagurinn fyrsti. Engin kennsla

**22. apríl** er starfsdagur. Engin kennsla

**25. apríl** kemur Inga sálfræðingur

## Starfsfólk Laugargerðisskóla

